

136

28. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. desember 1943.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

Fyrir hvern rúmmetra vatns um vantsmæli skal greiða kr. 1.36 — eina krónu þrjátíu og sex auru — afnotagjald.

Hitaveitustjórinn skal áætla vatnsnotkunina, með hliðsjón af hitaþörf húss, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp. Sama gildir ef vatnsmælir bilar.

2. gr.

4. gr. verði svo hljóðandi:

Í 4½ mánuð að sumri til skal greiða helming afnotagjaldsins samkvæmt 3. gr., kr. 0.68 — sextíu og átta auru — fyrir hvern rúmmeter vatns, og miðast það tíma-bil við álestur á vatnsmæla sem næst 14. maí og 30. september.

3. gr.

Gjaldskrárbreytingar þessar koma til framkvæmda frá mælaálestri um 30. september 1944.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

137

30. sept.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Keflavíkurkaupþún, nr. 10 22. jan. 1942.

1. gr.

Í stað orðsins „Hafnargjöld“, sem er fyrirsögn 18. gr., komi: Lestargjöld.

2. gr.

c-liður 19. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, innlend og erlend, greiði 0.30 kr. fyrir smálest tvisvar á mánuði, ef þau koma á höfnina svo oft, eða oftar.

3. gr.

d-liður 19. gr. falli niður.

4. gr.

22. gr. falli niður.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 38. gr. hafnarreglugerðarinnar, sem verður 37. gr., skulu vera þessi fyrir eftirgreindar vörur:

Kol, 40 aurar fyrir hver 100 kg.

Salt, 40 aurar fyrir hver 100 kg.